Veiðigjaldið

Engar breytingar hafa verið gerðar á útreikningi veiðigjalds. Enn er öllum útgerðum og vinnslum húrrað saman í eina krús og veiðigjaldið reiknað fyrir hverja fisktegund útfrá hagnaðinum sem þar liggur. LS hefur ástæðu til að ætla að aðferð til veiðigjaldaútreiknings komi þannig harðar niður á minnstu útgerðunum, þ.e. þeirra sem eru innan okkar vébanda. Mismunurinn liggur m.a. í eftirfarandi:

- Stærstu útgerðirnar hafa vinnslu sér við hlið
- Veiðiheimildir þeirra stærstu eru í fjölmörgum tegundum á móti því að tvær tegundir þorskur og ýsa bera uppi heimildir smábáta.
- Kostnaður við kvótaleigu er óverulegur hjá stærstu útgerðunum en að sama skapi verulegur hjá smábátum
- Flestum smábátum er aðeins heimilt að nota línu og handfæri við veiðar, sú takmörkun á ekki við í aflamarkinu.

Auk þess sem hér er upptalið er rétt að vekja athygli á gjöldum sem leggjast ofan á veiðigjald við strandveiðar. Auk veiðigjalds er gjald til uppbygginga hafna og gjald fyrir veiðileyfi. Þegar miðað er við meðalafla í þorski hjá þessum hópi er gjaldtakan þar fjórðungi hærri en hjá öðrum útgerðarflokkum. Miðað við þorskverð á nýliðinni strandveiðivertíð 204 kr/kg nema þessi þrjú gjöld 11,3% af meðaltalsaflaverðmæti.

LS hefur sett gríðarlega orku í að vinna að þessu málefni. Afstaða félagsins er skýr þar sem stefnan er sett á að komið verði til móts við litlar og meðalstórar útgerðir. Nokkuð sem alþingismönnum í öllum flokkum er tamt að grípa til þegar veiðgjald er rætt.

LS leggur áherslu á að gjaldið verði þrepaskipt. Þeir sem minnstar veiðiheimildir hafa greiði fjórðung af veiðigjaldi. Hlutfallið hækki svo með auknum aflaheimildum og hjá þeim sem mestar hafa verði gert að greiða álag

á útreiknað veiðigjald. Með þessari aðferð væri komið til móts við litlar og meðalstórar útgerðir.

Ég hvet ykkur kæru félagar að leggjast á árarnar og vinna þessari tillögu brautagengi í kosningabaráttunni sem nú stendur yfir.